# Reginn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. janúar til 31. mars 2015

Reginn hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

kt. 630109-1080

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Eiginfjáryfirlit ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Regins hf. er fólgin í eignarhaldi, uppbyggingu, útleigu og rekstri á fasteignum undir atvinnustarfsemi, s.s. verslana og þjónustu, iðnaðar og skrifstofu, íþrótta og afþreyingastarfsemi. Ennfremur sala á þjónustu tengdri útleigu og fasteignarekstri s.s. ræstingar, húsvarsla, viðhald og almenn fasteignaumsjón.

Árshlutareikningur Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Regins hf. og dótturfélaga. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Reginn hf. undirritaði 20. mars sl. kaupsamning við Fastengi ehf. um kaup á fasteignasafni í eigu félagsins. Um er að ræða 80 fasteignir og er stærð safnsins um 62 þús fm. Kaupverð undirliggjandi eigna er 5.914 millj. kr. Kaupsamningurinn er gerður með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakannana, endanlegs samþykkis stjórna félaganna, samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármögnun kaupanna.

Hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu nam 574 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir samstæðunnar námu 54.914 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé félagsins var 18.462 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.429 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall félagsins 34% í lok mars.

Rekstrartekjur samstæðu Regins hf. námu 1.242 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2015 samanborið við 1.031 millj. kr. fyrir sama tímabil á árinu 2014.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir matsbreytingu á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2015 var 799 millj. kr. samanborið við 618 millj. kr. árið áður.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og það er álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2015 og rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2015.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Regins hf. hafa í dag rætt um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi 28. maí 2015.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar - 31. mars 2015

| | Skýr. | 2015<br>1.1.-31.3. | 2014<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 1.242 | 1.031 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | | ( 362) | ( 340) |
| | | 880 | 691 |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 81) | ( 73) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | | 799 | 618 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | 333 | 265 |
| Rekstrarhagnaður | | 1.132 | 883 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Fjármunatekjur | | 13 | 7 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 427) | ( 394) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 6 | ( 414) | ( 387) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 718 | 496 |
| Tekjuskattur | | ( 144) | ( 99) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 574 | 397 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,40 | 0,31 |

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2015

| | Skýr. | 31.3.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fjárfestingareignir | 7 | 53.664 | 53.637 |
| Eignir til eigin nota | | 57 | 58 |
| Fastafjármunir | | 53.721 | 53.695 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 497 | 389 |
| Handbært fé | | 696 | 647 |
| Veltufjármunir | | 1.193 | 1.036 |
| **Eignir samtals** | | 54.914 | 54.731 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.429 | 1.429 |
| Varasjóður | | 9.080 | 9.080 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | 5.124 | 4.947 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.829 | 2.432 |
| Eigið fé | | 18.462 | 17.888 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 29.669 | 29.822 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 3.454 | 3.310 |
| Langtímaskuldir | | 33.123 | 33.132 |
| Vaxtaberandi skuldir | | 2.593 | 3.039 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 736 | 672 |
| Skammtímaskuldir | | 3.329 | 3.711 |
| Skuldir samtals | | 36.452 | 36.843 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 54.914 | 54.731 |

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 31. mars 2015

| | Hlutafé | Varasjóður | Matsbreyting fjárfestingar eigna | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2014** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2014 .............................. | 1.300 | 7.060 | 4.002 | 1.180 | 13.542 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins . | | | 212 | 185 | 397 |
| Eigið fé 31. mars 2014 .............................. | 1.300 | 7.060 | 4.214 | 1.365 | 13.939 |
| | | | | | |
| **1. janúar til 31. mars 2015** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2015 .............................. | 1.429 | 9.080 | 4.947 | 2.432 | 17.888 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins . | | | 177 | 397 | 574 |
| Eigið fé 31. mars 2015 .............................. | 1.429 | 9.080 | 5.124 | 2.829 | 18.462 |

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 31. mars 2015

| | Skýr. | 2015 1.1.-31.3. | 2014 1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 574 | 397 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | ( 333) | ( 265) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 414 | 387 |
| Tekjuskattur | | 144 | 99 |
| | | 799 | 618 |
| Breyting á rekstartengdum eignum | | ( 18) | ( 47) |
| Breyting á rekstrartengdum skuldum | | 90 | ( 83) |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti | | 871 | 488 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 13 | 7 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 375) | ( 211) |
| Handbært fé frá rekstri | | 509 | 284 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | 7 | ( 211) | ( 310) |
| Söluverð fjárfestingareigna | 7 | 427 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 216 | ( 310) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 9.470 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breyting | | ( 445) | ( 3.718) |
| Afborganir og uppgreiðslur vaxtaberandi langtímaskulda | | ( 231) | ( 5.499) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 676) | 253 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 49 | 227 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 647 | 573 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 696 | 800 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | |
| Söluverð fjárfestingareigna | | 90 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | ( 90) | 0 |

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Reginn hf., "félagið", er með aðsetur að Hagasmára 1 í Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland).

## 2. Grundvöllur reikningskilanna

***Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla***

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2014.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 28. maí 2015.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðgerðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2014. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.reginn.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði.

## 4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Samstæðan skiptist í fjóra starfsþætti:

- Rekstur móðurfélagsins
- Rekstur annarra leigueigna, atvinnueigna
- Rekstur verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar
- Rekstur Egilshallar

5. **Starfsþáttayfirlit, frh.:**

***Rekstrarstarfsþættir***
***1.1. - 31.3.2015***

| | Rekstur móður-félags | Rekstur atvinnu-eigna | Rekstur Smára-lindar | Rekstur Egilshallar | Jöfnunar-færslur | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 0 | 626 | 346 | 140 | ( 5) | 1.107 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 0 | 0 | 97 | 38 | 0 | 135 |
| Rekstrartekjur innan samstæðu | 33 | 0 | 0 | 0 | ( 33) | 0 |
| | 33 | 626 | 443 | 178 | ( 38) | 1.242 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | 0 | ( 135) | ( 58) | ( 25) | 0 | ( 218) |
| Rekstur í fasteignum | 0 | 0 | ( 105) | ( 39) | 0 | ( 144) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 85) | ( 17) | ( 12) | ( 5) | 38 | ( 81) |
| (Rekstrartap) -hagnaður fyrir matsbreytingar | ( 52) | 474 | 268 | 109 | 0 | 799 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 0 | 299 | 4 | 30 | 0 | 333 |
| (Rekstrartap) -hagnaður | ( 52) | 773 | 272 | 139 | 0 | 1.132 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | ( 414) |
| Tekjuskattur | | | | | | ( 144) |
| Hagnaður og heildarhagnaður ársins | | | | | | 574 |
| Eignir 31.3.2015 | 20.110 | 34.133 | 17.968 | 9.149 | ( 26.446) | 54.914 |
| Skuldir 31.3.2015 | 1.636 | 22.750 | 10.113 | 6.186 | ( 4.233) | 36.452 |

***Rekstrarstarfsþættir***
***1.1. - 31.3.2014***

| | Rekstur móður-félags | Rekstur atvinnu-eigna | Rekstur Smára-lindar | Rekstur Egilshallar | Jöfnunar-færslur | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 0 | 427 | 335 | 143 | ( 3) | 902 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 0 | 0 | 96 | 33 | 0 | 129 |
| Rekstrartekjur innan samstæðu | 31 | 0 | 0 | 0 | ( 31) | 0 |
| | 31 | 427 | 431 | 176 | ( 34) | 1.031 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 4) | ( 105) | ( 64) | ( 24) | 0 | ( 197) |
| Rekstur í fasteignum | 0 | 0 | ( 105) | ( 38) | 0 | ( 143) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 74) | ( 15) | ( 12) | ( 6) | 34 | ( 73) |
| (Rekstrartap) -hagnaður fyrir matsbreytingar | ( 47) | 307 | 250 | 108 | 0 | 618 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 0 | 122 | 55 | 88 | 0 | 265 |
| (Rekstrartap) -hagnaður | ( 47) | 429 | 305 | 196 | 0 | 883 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | ( 387) |
| Tekjuskattur | | | | | | ( 99) |
| Hagnaður og heildarhagnaður ársins | | | | | | 397 |
| Eignir 31.3.2014 | 14.017 | 20.508 | 16.924 | 8.820 | ( 18.379) | 41.890 |
| Skuldir 31.3.2014 | 78 | 13.001 | 10.211 | 6.246 | ( 1.585) | 27.951 |

## 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2015<br>1.1.-31.3. | 2014<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 13 | 7 |
| Vaxtagjöld | ( 353) | ( 296) |
| Verðbætur | ( 74) | ( 98) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 427) | ( 394) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 414) | ( 387) |

## 7. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir greinast þannig:

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða 1. janúar | 47.453 | 35.119 |
| Fjárfesting á tímabilinu | 211 | 310 |
| Selt á tímabilinu | ( 406) | 0 |
| Staða 31. mars | 47.258 | 35.429 |
| **Matsbreyting** | | |
| Staða 1. janúar | 6.184 | 5.003 |
| Matsbreyting tímabilsins | 333 | 265 |
| Selt á tímabilinu | ( 111) | 0 |
| Staða 31. mars | 6.406 | 5.268 |
| Bókfært verð 31. mars | 53.664 | 40.697 |

Við ákvörðun á gangvirði er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangvirði kann að vera frábrugðið þessu mati.

Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um slíkar eignir. Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna. Mat á fjárfestingareignum er unnið af starfsmönnum móðurfélagsins. Beitt er sömu aðferðafræði við matið og í ársreikningi fyrir árið 2014.

## 8. Samkomulag um kaup á fasteignasafni

Reginn hf. undirritaði 20. mars sl. kaupsamning við Fastengi ehf. um kaup á fasteignasafni í eigu félagsins. Um er að ræða 80 fasteignir og er stærð safnsins um 62 þús fm. Kaupverð undirliggjandi eigna er 5.914 millj. kr. Kaupsamningurinn er gerður með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakannana, endanlegs samþykkis stjórna félaganna, samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármögnun kaupanna.